



Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á afmælishátíð Stúdentaráðs Háskóla Íslands
4. desember 2020

Forsætisráðherra,
mennta- og menningarmálaráðherra,
rektor Háskóla Íslands,
forseti og forystusveit Stúdentaráðs Háskóla Íslands,
góðir áheyrendur!

Á þessari hátíðarstundu óska ég Stúdentaráðinu og öllum nemendum háskólans hjartanlega til hamingju með afmælið. Þetta eru svo sannarlega merk tímamót og ég hlakka til að sjá hér á eftir stiklað á stóru í sögu ráðsins.

Ég óska nemendum Háskóla Íslands líka góðs gengis í náminu þessa undarlegu og erfiðu daga – og auðvitað öllum öðrum nemendum.

Háskólanám er og á að vera hvort tveggja í senn, vegsemd og vandi. Allir eiga að geta sett sér það markmið að afla sér háskólamenntunar, notið nauðsynlegs undirbúnings og látið svo slag standa. Námið á að vera erfitt. Það á að vera krefjandi. Því hlýtur að fylgja að sumir nemar láti gott heita áður en settu marki er náð, sjái að þeir séu í raun ekki á réttri leið eða telji það ekki ómaksins vert að halda áfram. Og svo verður líka að segjast að stundum sést ekki fyrir en á reynir að markmiðinu verður varla náð. Í því á ekki að felast nein skömm og vel má vera að ferðalagið hafi engu að síður verið lærdómsríkt og gagnlegt. Ef við þykjumst alltaf þekkja okkar takmörk náum við aldrei að fara skrefinu lengra. En hitt er líka satt að ef við viðurkennum ekki okkar takmörk festumst við í vondu fari.

Gott gengi í háskólanámi er mikið til undir hverjum og einum komið. Enginn getur þó fetað þá braut eins síns liðs. Er það ekki rétt munað hjá mér að í Ráðherranum, þeirri ágætu sjónvarpsþáttaröð, hafi Ólafur Darri í gervi

Benedikts Ríkarðssonar vitnað í hina djúpu speki Einars Benediktssonar:
„Maðurinn einn er ei nema hálfur / með öðrum er hann meira en hann sjálfur“?

Annars þættu það nú ekki fræðileg vinnubrögð til fyrirmyndar að vitna í eitthvað eftir óljósu minni. En ég forherðist bara og bæti við að í þessari sjónvarpssögu þykir sú fortíð Benedikts trúverðug – ef ég man rétt – að hann hafi bugast í námi sínu forðum daga, brotnað undan of miklu álagi.

Á minni háskólagöngu var ég svo heppinn að finna fjölinna mína. Ég hætti þó tvisvar í miðjum klíðum, fyrst hér við þennan háskóla og svo úti í heimi. Ég man eftir einsemd og áhyggjum, efasemdum um eigið ágæti, efasemdum um að rétt stefna hafi verið tekin.

Ég vona að Stúdentaráð vinni náið með yfirstjórn háskólans og öðrum að því að gæta að geðheilsu og vellíðan nemenda, þeim sjálfum, skólanum og samfélaginu öllu til heilla. Því miður benda kannanir til þess að háskólanemar séu nú kvíðnari en áður, að sífellt fleirum líði illa í námi, þrátt fyrir áhuga og góðan vilja.

Hér er verk að vinna. En við skulum ekki örvænta. Finnum leiðir til að stappa stálinu í fólk. Finnum hinn gullna meðalveg milli álags og ánægju.

Því það man ég líka, og minnst þess í raun miklu frekar en stöku mótbyrs, að hafa unnað náminu af lífi og sál, fundið þekkingu og skilning aukast, skynjað smám saman að maður gæti orðið að liði á þeim vettvangi sem maður kaus sér, myndi jafnvel bæta samfélagið þegar prófgráðunum yrði náð. Mig grunar að fleiri í þessum sal eigi svipaðar minningar um sitt háskólanám.

Vera má að slík hughrif þyki drambsamleg en svona stórt hugsaði maður að minnsta kosti í þann tíð, ungur maður með háleit áform.

Og þetta eiga háskólar að gera. Þeir eiga að gera fólki kleift að ala með sér stóra drauma, sýna hvað í því býr. Þetta hafa þeir gert í aldanna rás, þessi góði skóli þar með talinn. Og þetta ræður því að háskólar eru uppspretta hugmynda, forðabúr þekkingar og aflvaki framfara.

Auðvitað fæðast ótalmargar nýjungar og umbætur utan háskólanna, skárri væri það nú. Nemendur og kennarar mega einmitt varast að festast inni í fílabEinsturni eigin fræða. Háskólafolk þarf að temja sér auðmýkt og hógværd, víðsýni og umburðarlyndi, löngun í nýja þekkingu og nýja sýn. Um leið verður að virða ómetanlegt framlag þeirra sem á undan fóru og sígildan grundvöll alls rannsóknastarfs, vísindaleg vinnubrögð með hlutlægni og sannleiksleit að leiðarljósi.

Ágætu áheyrendur! Leitt er að við getum ekki fagnað aldarafmæli Stúdentaráðs með pomp og prakt. Því valda reglur um sóttvarnir en senn kemur að því að við ráðum niðurlögum farsóttarinnar sem hér hefur geisað.

Í þessum heimsfaraldri höfum við verið minnt á mikilvægi þekkingar og framfara, rannsókna og vísinda. Um leið höfum við verið minnt á mikilvægi samkenndar og samstöðu, á mikilvægi ákvarðana sem byggjast á visku, reynslu og sannfæringarkrafti. Segja má að saman fari gildi raunvísinda og hvers kyns samfélagsvísinda, tveggja meginstöða háskólasamfélagsins.

Já, þrátt fyrir vanda líðandi stundar skulum við horfa björtum augum fram á veg. Við skulum gleðjast yfir öllu því sem breyst hefur til batnaðar nú þegar við fögnum aldarafmæli Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Fyrir hundrað árum var háskólanám fríðindi hinna fáu, nær aðeins ungra karla af efnuðu foreldri. En smám saman birti til. Níu árum eftir stofnun ráðsins fæddist stúlka á Vatnsleysuströnd, Margrét Guðnadóttir. Hún ólst upp við kröpp kjör, fátt benti til að hún gæti gengið menntavegin. Fjölskylda hennar hvatti hana hins vegar til dáða. Sjálf var hún gáfum gædd og sýndi þá seiglu sem þurfti. Svo fór að hún varð fyrsti kvenprófessorinn við þennan skóla, einn fremsti veirufræðingur heims. Og það vitum við nú heldur betur að við þurfum á þeim að halda. Á efri árum rifjaði Margrét upp þau vísdómsorð sem fólk sagði við hana, fólk sem átti ekki annarra kosta vöð en erfiði og basl: „Þú átt að læra ef þú átt kost á því, því það er svo margt sem gaman væri að gera, annað en stritið sem við erum í.“

Mennt er máttur. Ég ítreka heillaóskir mínar til Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Í árána rás hefur ráðið staðið vörð um hagsmuni stúdenta og ég veit að sú verður raunin áfram nú þegar það heldur inn í næstu öld á æviskeiði sínu.